

**Nd.**

**145. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Brunabótasjóður bætir  $\frac{5}{6}$  alls þess brunaskaða á húsum, váttrygðum í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo litill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 króna húseign og meiri, eða 1% á minni húseignum, en þá skal eigandi hafa skaða óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

2. gr.

Orðið »erlendu« í síðustu málsgrein 4. gr., falli burt.

3. gr.

Í staðinn fyrir: »að  $\frac{2}{3}$  í húsi« í 5. gr. laganna komi:  
að  $\frac{5}{6}$  í húsi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa, sem ekki er váttrygður samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Fyrsti málsliður 18. gr. orðist svo:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endur tryggja helming þeirra fimm sjötta hluta allra hibýla o. s. frv.